4. september 2021

# Mat á árangri aðgerða til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru

**Stjórnarráð Íslands**
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

# Skýrslubeiðni frá efnahags- og viðskiptanefnd

Með beiðni (á þskj. 1606) frá efnahags- og viðskiptanefnd er þess óskað að fjármála- og efnahagsráðherra flytji Alþingi skýrslu um mat á árangri og ávinningi af þeim aðgerðum sem stjórnvöld hafa ráðist í til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru.

Arnór Sighvatsson, hagfræðingur og fyrrum aðstoðarseðlabankastjóri, var síðan ráðinn til þess að leggja sjálfstætt mat á árangur aðgerðanna.

# Ísland stóð vel að vígi til að standa af sér efnahagslega búsifjar af völdum farsóttarinnar

Hagstæð skuldastaða ríkissjóðs

Hófleg skuldastaða einkageirans

Eiginfjár- og lausafjárstaða bankanna sterk

Stefnurými Seðlabanka talsvert

Opið hagkerfi

Strjábýli

Öflugt heilbrigðiskerfi

Heilbrigði og lýðfræði

# Viðbragð ríkisfjármálanna sterkt

**Ráðstafanir og sjálfvirkir sveiflujafnarar ríkisfjármálanna 2020 og 2021**
% af VLF




- Alþjóðleg samstaða hefur myndast um mikilvægi ríkisfjármála í sveiflujöfnun hagkerfisins í heimsfaraldrinum.
- Þótt sjálfvirk sveiflujöfnun skattkerfis og atvinnuleysistrygginga hafi verið sterk fyrir faraldurinn var snemma ljóst að einnig væri þörf á umfangsmiklum, sértækum stuðningi.

# Ríkisfjármálastefnan hagsveiflujafnandi

**Framlag ríkisfjármálanna til hagvaxtar stóraukið**
Fjögurra ársfjórðunga meðaltal




- Framlag ríkisfjármálanna til hagvaxtar hefur verið jákvætt og örvað eftirspurn á tímum heimsfaraldurs kórónuveiru.
- Ríkisfjármálastefnan á tímum heimsfaraldurs hefur verið hagsveiflujafnandi að því leyti að hún hefur dregið úr samdrætti landsframleiðslu.

# Sértækar aðgerðir kynntar í áföngum

Tilfærslur og skattalækkanir spornuðu gegn tekjumissi þeirra sem faraldurinn snerti mest og fjárfest hefur verið í innviðum og umbótum sem eiga að efla hagvaxtargetu.

## Aðgerðarpakkar ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19 hafa verið fjórir



# Ríkisfjármálum ætlað að styðja við eftirspurn og varðveita framleiðslugetu

Aðgerðirnar höfðu sex meginmarkmið sem öll styðja við hvert annað.

- Draga úr óvissu
- Varðveita kaupmátt heimila
- Styðja við rekstraraðila vegna ófyrirséðs tekjufalls
- Örva eftirspurn og auka hagvaxtargetu til lengri tíma
- Viðhalda ráðningasambandi og skapa störf
- Vernda viðkvæma hópa

# Draga úr óvissu

Mikilvægt er fyrir hagstjórnaraðila að draga úr áhrifum óvissu á efnahagsumsvif.

Flökt á verðbréfaverðum hérlendis og erlendis hefur farið minnkandi.

**Mikil óvissa var á bandarískum hlutabréfamarkaði snemma árs 2020**
Verðbreytingar á bandarískum hlutabréfamarkaði, VIX vísitala




Heimild: Macrobond

**Óvissa jókst einnig á íslenskum hlutabréfamarkaði í mars 2020 en hefur farið minnkandi**
Algildi verðbreytinga Úrvalsvísitöunnar OMXI10 (%)




Heimild: Nasdaq

# Styðja við rekstraraðila vegna ófyrirséðs tekjufalls

Fyrirtækjum stóð til boða beinir styrkir, skattalækkanir, frestun skattgreiðslna og ríkistryggð lán. Þessu til viðbótar var þeim gert kleift að minnka starfshlutfall starfsmanna tímabundið (hlutabætur). Aðgerðirnar auðvelda fyrirtækjum að viðhalda störfum sem er jafnframt ein mikilvægasta aðgerðin til að varðveita fjárhagslegan styrk heimilanna.

**Stuðningur við rekstraraðila hefur verið margvíslegur**
Fjárhæðir (ma.kr.)




Heimild: Hagstofa Íslands, Fjármála- og efnahagsráðuneytið
*Liðnar aðgerðir.

# Styðja við rekstraraðila vegna ófyrirséðs tekjufalls

Fyrirtæki af öllum stærðum nýttu sér úrræði stjórnvalda. Flest voru fyrirtækin í ferðaþjónustu. Nær 40% nýtti sér fleiri en eitt úrræðanna.

**Fyrirtæki af öllum stærðum nýttu sér úrræði stjórnvalda**




Heimild: Hagstofa Íslands

**Flestir rekstraraðilar nýttu sér eitt úrræðanna**




Heimild: Hagstofa Íslands

# Örva eftirspurn og auka hagvaxtargetu til lengri tíma

Ráðist var í fjárfestingar- og uppbyggingarátak, VSK endurgreiðsluheimild útvíkkuð, ferðagjafir til landsmanna, aukinn stuðningur við R&Þ og aukið aðgengi að menntun.

**Fjárfestingar- og uppbyggingarátakið er stærsta efnahagsaðgerð stjórnvalda**
ma.kr.



# Viðhalda ráðningasambandi og skapa störf

Í því skyni að varðveita mannauð og til að draga úr hækkun atvinnuleysis var boðið upp á hlutabætur. Úrræðið varð eitt umfangsmesta úrræði stjórnvalda en það gilti til 31.maí 2021. Við tóku margvíslegir ráðningastyrkir sem fara samhliða átakinu *Hefjum störf.*

**Alls hafa rúmlega 36.500 einstaklingar fengið greiddar hlutabætur á gildistíma úrræðisins**
Fjöldi einstaklinga á hlutabótum




Heimild: Vinnumálastofnun

**Ráðningastyrkirnir hafa skapað hvata til að ráða langtímaatvinnulausa en meirihluti ráðinna hafa verið atvinnulausir í 6 mánuði eða lengur**




Heimild: Vinnumálastofnun

# Varðveita kaupmátt heimila

Með varðveislu kaupmáttar heimila var haldið aftur af samdrætti í eftirspurn. Aðgerðir stjórnvalda voru ýmist lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta og viðbótarálag á grunnbætur, barnabótaauki, frjáls nýting séreignarsparnaðar og endurskoðun tekjuskattskerfisins.

**Þegar mest lét nutu 3.941 einstaklingar lengingar tekjutengdra atvinnuleysisbóta og greiðslur til þeirra námu 130 millj.kr.**




Heimild: Vinnumálastofnun

**Mánaðarleg nýting séreignarsparnaðar í öllum úrræðum frá janúar 2020 og uppsöfnuð nýting frá júlí 2014, m.kr.**




Heimild: Skatturinn

# Vernda viðkvæma hópa

Gripið var til ýmissa aðgerða með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum faraldursins á viðkvæma hópa. Mest fór í aðgerðir tengdum geðheilbrigðismálum.

**Aðgerðir vegna hópa í viðkvæmri stöðu**



# Margt bendir til að efnahagsaðgerðir stjórnvalda hafi borið árangur

Draga úr óvissu

Varðveita kaupmátt heimila

Styðja við rekstraraðila vegna ófyrirséðs tekjufalls

Örva eftirspurn og auka hagvaxtargetu til lengri tíma

Viðhalda ráðningasambandi og skapa störf

Vernda viðkvæma hópa

# Innlend eftirspurn hefur reynst sterk

Þjóðarútgjöld í þjóðhagsreikningum, sem er samtala einkaneyslu, samneyslu og fjárfestinga, er góður mælikvarði á innlenda eftirspurn. Þau drógust saman um tæplega 2% árið 2020 en til samanburðar var samdráttur þjóðarútgjalda 19% árið 2009.

**Þjóðarútgjöld drógust lítið saman í faraldrinum**

Breyting þjóðarútgjalda á föstu verðlagi




Heimild: Hagstofa Íslands

**Þjóðarútgjöld drógust minna saman 2020 en í öllum helstu samanburðarríkjum nema Danmörku**




Heimild: Eurostat

# Staða fyrirtækja áfram góð

Fjöldi laungreiðenda dróst lítið saman og skuldastaða fyrirtækja er enn lág sem skiptir sköpum í viðspyrnunni.

**Fjöldi laungreiðenda í viðskiptahagkerfinu**
Breyting frá sama helmingi fyrra árs




Heimild: Hagstofa Íslands

**Skuldir fyrirtækja enn lágar**
% af VLF




Heimild: Hagvísar, júní, Seðlabanki Íslands

**Atvinnulausum fækkar hratt**
fjöldi




Heimild: Vinnumálastofnun
* Frá mars 2020 er almennt atvinnuleysi án minnkaðs starfshlutfalls

# Atvinnuleysi lækkar hratt

- Atvinnuleysi náði hámarki í janúar þegar 11,6% af mannaflanum var atvinnulaus.
- Síðan þá hefur dregið hratt úr atvinnuleysi.
- Síðastliðna mánuði hefur langtímaatvinnulausum farið að fækka.
- Atvinnuleysi var 6,1% í júlí.

# Kaupmáttur heimilanna jókst í faraldrinum

Á árinu 2020 jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 2,5% þrátt fyrir minni atvinnu. Á móti miklum samdrætti launagreiðslna vógu tilfærslur frá hinu opinbera og sérstök útgreiðsla séreignarsparnaðar. Kaupmáttur jókst mest hjá þeim sem höfðu lægstar tekjur.

**Mikill vöxtur tilfærslna stóð að baki kaupmáttarvextinum í kreppunni**
Vöxtur milli ára og framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið

**Meðal fólks á vinnualdri jukust heildartekjur neðstu tíundar mest**
Kaupmáttur heildartekna 2020, breyting frá fyrra ári, 25-64 ára



# Eigna- og skuldastaða heimila áfram sterk

Stöðugar tekjur heimilanna hafa leitt til þess að hlutfall útlána þeirra í vanefndum hefur aukist afar lítið og sparnaður heimilanna hefur aukist.

**Innlán heimilanna á veltureikningum hafa aukist um 50% að raunvirði frá upphafi faraldursins**
Vísitölur, 2019 = 100




Heimild: Seðlabanki Íslands

**Eigna- og skuldastaða heimila sterk þrátt fyrir faraldurinn**
Hlutfall af ráðstöfunartekjum heimila




Heimild: Seðlabanki Íslands

# Neysla hefur haldist sterk

Þróttur í tekjum heimilanna endurspeglast í sterkri einkaneyslu. Kortavelta dróst saman í upphafi faraldursins en síðan þá hefur neysla aukist hratt, sérstaklega undanfarna mánuði.

**Neysla hefur haldist sterk**
Greiðslukortavelta, árstíðaleiðrétt, ma. kr.




Heimild: Seðlabanki Íslands, fjármála- og efnahagsráðun.

**Einkaneysla mun sterkari en í samanburðarlöndum**
Einkaneysla, vöxtur milli ára á 1. ársfjórðungi 2021




Heimild: Eurostat

# Skýrslan gefur greinagóða og trúverðuga mynd af aðgerðunum

Í áliti Arnórs Sighvatssonar kemur fram að hann telji skýrsluna gefa greinagóða og trúverðuga mynd af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til. Hann telur þó ekki tímabært að fella endalega dóma um hvernig til hefur tekist.

Arnór telur að það megi ætla að sterk þjóðarútgjöld og einkaneysla bendi til þess að efnahagsaðgerðir stjórnvalda hafi verið ágætlega heppnaðar og glufur í aðstoð við einstaklinga og fyrirtækja ekki verið stórar.

Það skiptir einnig máli að Ísland stóð vel að vígi og samspil peningastefnu og ríkisfjármála hefur verið hagkvæmt.